

FRUMKVÖÐLASETUR

á Akranesi

Erindi

Við óskum eftir því að Akraneskaupstaður hefji samstarf við Coworking Akranes um rekstur frumkvöðlaseturs. Akraneskaupstaður leggur til húsnæði undir starfsemina, 2. hæð á Suðurgötu 57. Á móti bjóðum við upp á aðstöðu fyrir frumkvöðla, sjáum um rekstur setursins og höldum viðburði, fyrirlestra og námskeið sem opnir verða öllum bæjarbúum.

Tilgangur

Frumkvöðlasetur á Akranesi myndi styðja við nýsköpun í atvinnulífi bæjarins og auðvelda frumkvöðlum að raungera viðskiptahugmyndir sínar og hraða ferlinu frá því hugmynd fæðist og fyrirtæki verður til.

Að íbúum standi til boða handleiðsla, fagleg ráðgjöf og stuðningur í skapandi umhverfi sem hefur hvetjandi áhrif og ýtir undir atvinnusköpun.

Ávinningur

Frumkvöðlasetur skiptir máli fyrir samfélagið í heild sinni. Hugmyndir sem kvikna skapa ný tækifæri og kveikja í öðrum hugmyndum sem smitar út frá sér og hefur jákvæð snjóboltaáhrif í för með sér.

Fjölbreytt og skapandi starfsemi færast í miðbæinn, verslun í nærumhverfi styrkist og bæjarbúar öðlast vettvang þar sem þeir geta verið á Akranesi en unnið fyrir fyrirtæki í öðrum sveitarfélögum eða löndum.

Tengslanet milli íbúa eflist og góðir hlutir gerast.

Starfsemi

Tólf aðilar hafa sem stendur aðstöðu í sameiginlegu vinnuaðstöðum Coworking Akranes á Suðurgötu 57 og Ægisbraut 30 þar sem eftirfarandi atvinnu- og listsköpun fer fram:

Kvikmyndagerð, auglýsingastofa, hugbúnaðargerð, grafísk hönnun, viðburðastjórnun, forritun, atvinnuráðgjöf, fab lab, myndlist og leikmynda- og búningagerð.

Frumkvöðlasetur

- Reykjavík
- Hafnafjörður
- Garðabær
- Akureyri
- Ísafjörður
- Reykjanesbær
- Seltjarnarnes
- Borgarnes
- Egilsstaðir
- Seyðisfjörður
- Sauðárkrókur
- Bolungarvík
- Vestmannaeyjar
- Selfoss
- Djúpivogur
- Íshús Hafnarfjarðar
- Toppstöðin
- 27 Nýsköpunarhús